

99. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn Tónlistarskólanum að Dalbraut 1, 14. febrúar 2019 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Elsa Lára Arnardóttir varaformaður, Einar Brandsson aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Sameiginlegur fundur bæjarráðs, skóla- og frístundaráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- mannréttindaráðs vegna kynningu starfshóps um framtíðarskipulag Jaðarsbakka og Velferðarstefnu Vesturlands.

Fyrir tekið:

1. 1703194 - Starfshópur um framtíðaruppgbyggingu á Jaðarsbökkum

Kynning starfshóps um tillögu að framtíðaruppgbyggingu á Jaðarsbökkum.

Um er að ræða sameiginlegan dagskrálið bæjarráðs, skóla- og frístundaráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs sem fer fram í Tónbergi.

Á fundinum kynnir starfshópur um uppgbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum stöðu vinnunnar sem er á lokastigi og lokaskýrsla væntanleg á næstunni. Auk framangreinda sitja fundinn ýmsir gestir sem komið hafa að vinnunni svo sem hönnuður mannvirkjanna og fulltrúi Mannvits sem leggur fram kostnaðargreiningu þeirra áfanga sem gerð er tillaga um í uppgbyggingarfasanum.

2. 1901121 - Velferðarstefna Vesturlands

Drög að umsögn velferðarstefnu Vesturlands til umræðu á sameiginlegum dagskrálið bæjarráðs, velferðar- og mannréttindaráðs, skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs sem fer fram í Tónbergi.

Samþykkt að vinna áfram sameiginlega að umsögninni og leggja hana fyrir á bæjarstjórn þann 26. febrúar næstkomandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

*Gerður Jóh. Jóhannsdóttir
Einar Brandsson*